



Markaðsstofa Suðurlands

Fjármálaáætlun 2018-2022, mál nr. 402

31.3. 2017

Ályktun frá aðalfundi Markaðsstofu Suðurlands

Aðför að ferðaþjónustunni á landsbyggðinni

Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands tekur heilshugar undir ályktun félagsfundar SAF frá 30. mars 2017 og mótmælir harðlega fyrirhuguðum breytingum á virðisaukaskattskerfinu sem munu koma harðast niður á minni fyrirtækjum á landsbyggðinni. Fyrirhugaðar breytingar virðast illa ígrundaðar og munu hafa þau áhrif að draga úr sókn ferðamanna út á landsbyggðina vegna aukins kostnaðar, þvert á yfirlýsta stefnu stjórnvalda.

Ályktun SAF:

Verði virðisaukaskattur á ferðaþjónustu tvöfaldaður eins og forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa boðað mun það hafa í för með sér grafalvarlegar afleiðingar fyrir fyrirtæki og starfsfólk í ferðaþjónustu um land allt.

Afleiðingarnar verða alvarlegastar fyrir landsbyggðina sem á nú þegar undir högg að sækja þegar kemur að ferðaþjónustu.

Mikil gengisstyrking og kostnaðarhækkanir stefna nú þegar afkomu fyrirtækja í greininni í mikla hættu. Með boðuðum skattahækkunum ríkisstjórnarinnar versnar samkeppnishæfni Íslands til mikilla muna.

Ferðaþjónustan er grunnstoð í íslensku atvinnulífi og með óyfirveguðum aðgerðum ríkisstjórnarinnar er vegið að framtíðarmöguleikum greinarinnar og íslensku efnahagslífi.

Ferðaþjónusta er í eðli sínu alþjóðleg atvinnugrein. Íslensk ferðaþjónustufyrirtæki starfa því á alþjóðlegum markaði og í samkeppni við erlenda áfangastaði þar sem ferðaþjónustan er almennt í lægri þrepum virðisaukaskattskerfisins. Það hefur sýnt sig að þau lönd sem eru t.a.m. með gististaði í efri skattþrepum hafa lotið í lægra haldi í samkeppni við aðra áfangastaði. Tillögur um hækkun á virðisaukaskatti vega þannig alvarlega að samkeppnishæfni Íslands.

Þá lýsa Samtök ferðaþjónustunnar yfir miklum vonbrigðum með samráðsleysi stjórnvalda þegar kemur að eins umfangsmiklum breytingum og fyrirhugaðar hækkanir eru.

Fjölmennur félagsfundur Samtaka ferðaþjónustunnar skorar á ríkisstjórnina að láta af áformum um hækkun virðisaukaskatts á íslenska ferðaþjónustu.